



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársskýrsla 2010

Úrvinnslusjóður

Ársskýrsla - 2010

1. Aðfaraorð formanns	6
2. Starfsemi Úrvinnslusjóðs 2010	8
2.1 Stjórn	8
2.2 Hlutverk og verklag	9
2.3 Fjöldi þjónustu- og ráðstöfunaraðila	9
2.4 Breytingar á endurgjaldi	9
2.5 Meðhöndlun raftækjaúrgangs	9
2.6 Uppsögn samnings um úrgangsolíu	10
2.7 Árangursstjórnunarsamningur	10
2.8 Þjónustukönnun 2010	10
2.9 Lagabreytingar	10
2.10 Veiðarfærasamningur	11
2.11 Erlend samskipti	11
3. Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2010	13
Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings	14
Áritun endurskoðenda	15
Rekstrarreikningur ársins 2010	16
Efnahagsreikningur 31. desember 2010	17
Sjóðstreymi árið 2010	18
Skýringar á ársreikningi	19
Uppgjör á gjöldum og tekjum skipt á vöruflokka fyrir árið 2010	24
4. Rekstur Úrvinnslusjóðs og rekstaryfirlit einstakra vöruflokka	25
Rekstur Úrvinnslusjóðs	25
Olíuvörur	26
Lífræn leysiefni	27
Halógeneruð efnasambönd	28
Ísósýanöt	29
Olíumálning	30
Prentlitir	31
Rafhlöður	32
Rafgeymar	33
Framköllunarvökvar	34
Kvikasilfurvörur	35
Varnarefni	36
Kælimiðlar	37
Hjólbarðar	38
Pappaumbúðir	39
Plastumbúðir og heyrúlluplast	40
Ökutæki	41

AÐFARAORÐ FORMANNS

Árið 2010 er áttunda starfsár Úrvinnslusjóðs. Lögin um úrvinnslugjald voru samþykkt 22. des. 2002.

Þróunin er í þá átt að endurvinnna og endurnýta meira og meira af úrgangi og hluti úrgangs er nú hráefni til iðnaðar og frekari framleiðslu. Það kerfi sem Úrvinnslusjóður vinnur eftir, þar sem öllum, sem hafa tilskilin leyfi, er heimilt að hefja starfsemi við endurnýtingu, hefur reynst vel og um það hefur ríkt góð sátt. Einn megintilgangur kerfisins er að freista þess að virkja alla sem hugmyndir hafa um skynsamlega endurvinnslu og loka engum leiðum.

Á árinu 2010 höfðu 69 aðilar gert þjónustusamninga við Úrvinnslusjóð. Ráðstöfunaraðilar eru nú 56. Líklegt má telja að heildarvelta fyrirtækja sem nú vinna að úrvinnslu í landinu sé um 8-10 milljarðar króna á ári.

Á árinu 2008 var Úrvinnslusjóði heimilað að gera samninga um verkefni sem falla undir lög um meðhöndlun úrgangs og starfssvið sjóðsins þannig vikkað. Jafnframt var boðuð fjölgun í stjórn sjóðsins, í stjórnina kemur fulltrúi tilnefndur af Félagi atvinnurekenda.

Í aðfaraorðum stjórnarformanns með ársskýrslu ársins 2009 koma fram ýmis þau atriði sem Úrvinnslusjóður hefur haft til athugunar á undanförunum árum. Má þar nefna ábyrgð sjóðsins, markmið og árangur, rekstrarfyrirkomulag og starfssvið og þróunina framundan. Ekki er ástæða til þess að rekja það frekar hér.

ENDURNÝTING

Endurnýting úrgangs getur verið margþætt mál og krefst talsverðrar tæknipróunar ef vel á að vera. Orðið endurnýting er okkar þýðing á enska orðinu „recovery“ sem bæði nær yfir „energy recovery“ eða orkuvinnslu og „material recovery“ eða vinnslu hráefna úr úrgangi. Endurnotkun er það kallað þegar nýttur er úrgangur án verulegrar meðhöndlunar. Vel má velta fyrir sér hvar endurvinnsla byrjar og hvar hún endar. Heildarferlið felur í sér marga verkþætti, söfnun, flokkun, flutninga, ráðstöfun og margháttaða meðhöndlun og framleiðsluferla.

PLASTVÆÐINGIN

Sem dæmi um flókna endurnýtingu má taka plastúrgang en verulegar umræður hafa farið fram að undanförunu um meðhöndlun hans. Vel er því við hæfi að fara nokkrum orðum um þennan málaflokk. Plast er orðinn mikilvægur þáttur í neyslu- og umbúðasamfélögum nútímans. Í raun mætti tala um plastvæðingu nútímasamfélaga. Erfitt er að láta sér detta í hug eitthvað sem ekki má framleiða úr plasti. Auðvelt er að móta

plast í framleiðslu og ná fram þeirri lögun og styrk sem menn óska og auðvelt er að framleiða plastvörur í nær öllum litum. Fjölmörg nútíma framleiðsluferli eru háð plastinu. Frá því við vöknum á morgnana þar til við göngum til hvílu, allt frá vöggu til grafar erum við umkringd plasthlutum. Í venjulegum fólksbíl eru yfir 100 kg af plasti. Lág eðlisþyngd plasticsins léttir bílinn, sparar eldsneyti og minnkar útblástursmengun. Veggir okkar og loft eru máluð plastmálningu. Á sjúkrahúsum eru fjölmargir hlutir úr plasti, umbúðir, sprautur, hanskar o.fl. jafnvel í augnaðgerð er notaður akrýl augasteinn og saumað með nælonþræði. Á skrifstofum okkar drekkum við úr plastmálum, gólf dúkurinn er oft PVC dúkur, umbúðapokar okkar eru úr plasti, regnkápur eru úr PVC, bensíngeymarnir úr polystyren og leiðslurnar epoxyrör. Bíldekkirnir eru styrkt með plastefnum. Föt okkar eru oft úr polyester og akrýl, hver man ekki eftir nylonsockkunum? Tölvurnar eru að talsverðu leyti plast. Rafeindaiðnaðurinn er háður plasti. Bændur pakka heyi sínu í plast, fiskurinn er veiddur á plastlínu, í plasttroll með plastnetakúlum og settur í plastkór. Leikföngin eru mikið úr plasti.

Nýja stórþotan, Dreamliner, frá Boeing er kölluð plastþotan. Jafnvel listin hefur tekið plastið í sína þjónustu og menn tala um plastbækur sem setja má í uppþvottavélina ef þær óhreinkast.

FLÓKIN EFNASAMSETNING

Það sem við köllum plast er reyndar gríðarlega stór efnaflokkur með mismunandi efniseiginleikum. Plast og plast er ekki alltaf það sama. Plast er lífrænt efni framleitt úr náttúrulegum sameindum. Ekki eru nema rúmlega hundrað ár síðan fyrsta plastgerðin kom fram. Plast er gerviefni sem framleitt er úr náttúrulegum efnum. Öll plastefni eiga það sameiginlegt að vera að uppbyggingu langar kolefniskeðjur sem síðan geta verið tengdar ýmsum frum- eða sameindum. Af fjölliðum, polymeregerðum, má nefna t.d. PP (polypropylene), PE (polyetylen), PET (pólýetýlenteretalat), PS (pstyrene), PB (polybútýlen), PVC (polyvinyllklóríð) og PA (pólýamíð, nylon). Þannig mætti áfram telja. Efnaflokkar þessir hafa mismunandi notkunarvið og mjög mismunandi eiginleika með tilliti til hitaþols, bræðslumarks, styrkleika, öldrun, gegndræpni, eðlisþyngd, hita- og rafleiðni o.s.frv.

UMHVERFISÁHRIF

Heildarumhverfisáhrif plastics felast bæði í framleiðsluferli, þar sem hráefnið er að mestu olía, og því að plast eyðist ekki í náttúrunni. Mengunarkröfur verða æ strangari. Í fjöllum liggur oft

mikið af plasthlutum og þeir sem illa ganga um náttúruna fleygja plastumbúðum frá sér þar sem þeir eru staddir. Sérfræðingar telja að niðurbrotstími plasts í náttúrunni geti verið afar mismunandi eftir efnasamsetningu og aðstæðum í umhverfinu, allt frá einu ári til þúsund ára.

ENDURNÝTING PLASTS

Plast er nú um 7-10 % af heimilisúrgangi. Sem dæmi um magn plastúrgangs utan heimilisúrgangs má nefna að PET flöskur eru um 1600-1800 t/ári, heyrúlluplast um 1200 t/ ári og net líkega um 1100 t/ári auk margra annarra tegunda. Sem dæmi um margbreytilega notkun plastefna má nefna umbúðaiðnaðinn. Í umbúðaiðnaði greina menn á milli stífs plasts, t.d. flöskur og krukur og mjúks plasts, t.d. filmur og þar með taldir pokar. Í umbúðapokum í verslunum má greina milli þriggja gerða, HDPE eðlisþungt plast (high density), LDPE lágur eðlisþungi (low density) og LLDPE mjög lítil eðlisþyngd. Í high density plasti eru sameindir meira krossbundnar. Umbúðir eru oft samsettar úr mismunandi fjölliðum, polymerum, bæði stífum og mjúkum. Í PET flöskunum geta tapparnir verið ýmist HDPE eða PP en merkimiðarnir ýmist pappír eða plast. Bakkar undir matvæli, kjöt og fisk, sem selt er í búðum eru oft PET en lagðir að innan með PE og síðan kemur plastfilma ofan á sem lokun. Þegar rétt er um endurnýtingu plastúrgangs þurfa menn að gera sér grein fyrir að plastúrgangur er blanda af þessu öllu og oftast miklu fleiru. Segja má að góður árangur hafi náðst hér á landi við endurnýtingu PET flaskna ekki síst vegna skilagjalds. Flöskurnar eru meðal annars mikið notaðar í flísklæðnað. Nokkrum erfiðleikum hefur verið háð að nota endurnýtt plast í matvælaíðnaði og mörg fyrirtæki hafa óttast að hreinleiki sé ekki nægur. Endurnýting plasts í matvælaíðnaði er þó að aukast og betri tók að nást á vandamálum. Endurnýtingin getur verið vélræn, endurbræðsla án þess að breyta efnasamsetningu plastsins eða orkuvinnsla, brennsla þegar ekki er unnt að endurvinnna efnið. Plast er orkuríkt að mestu gert úr olíu og í einu kg af plasti getur verið orkugildi sem svarar til 0,8 kg af olíu. HPE og PP plast eru um 100% olía. Unnt er að brjóta plastið niður við háan þrýsting og hátt hitastig samhliða blöndun vetnis til framleiðslu á dísel (cracking). Önnur leið er niðurbrot við loftfyrtaðstæður og háan hita (pyrolyses). Ýmsir framleiðendur hafa sett sér það markmið að endurunnið plast verði um 25 % af hráefni þeirra. Til dæmis má nefna að verð PET plasts til endurvinnslu hefur hækkað talsvert að undanfögnu vegna þessara markmiða. Þannig mætti lengi telja og ljóst er að endurvinnsla og endurnýtingariðnaðurinn er í mikilli þróun.

SÖFNUNARKERFI

Söfnunarkerfi geta verið t.d.

- Neytendur fara með plastúrgang í grenndargáma.
- Sérstakar tunnur eru við heimilin fyrir endurnýtingar-efni þar með talið plast.
- Skilagjaldskerfi eins og t.d. drykkjarvöruumbúðir hér.
- Góður árangur hefur náðst í söfnun plastúrgangs frá atvinnulífinu ss. plastfilmur og heyrúlluplast.

REYNSLA OG ÞEKING ERLENDIS FRÁ

Úrvinnslusjóður hefur lagt áherslu á að fylgjast með framvindu á sviði úrvinnslu og er t.d. þátttakandi í EPRO, samtökum um endurnýtingu á plasti og Pro Europe, samtök sem nota Græna punktinn og greiða fyrir endurnýtingu umbúða á athafnasvæði sínu. Þannig freistar Úrvinnslusjóður þess að tryggja sér aðgang að nýjustu upplýsingum á því sviði söfnunar og endurnýtingar sem félagsmenn þessara samtaka fást við.

NOKKUR VERKEFNI FRAMUNDAN

Úrvinnslusjóður er að skoða árangur af söfnun og endurnýtingu umbúða en á því sviði eru reglugerðir Evrópusambandsins skýrar um markmið. Einkum er nú horft á hvort unnt sé að endurnýta glerumbúðir betur og skoða skilatölur málma. Skýrari ákvæði eru komin fram um rafhlöður. Rafhlöður eru í auknum mæli fluttar inn sem hluti fjölmargra tækja, leikfanga, rafeindatækja o.s.frv. Fara þarf yfir tollskrá og leggja fyrir Alþingi frumvarp um álagningu úrvinnslugjalds í þessum tilvikum.

Úrvinnslugjald á rafgeyma hefur náð til blýsýrurafgeyma, startgeyma, en í auknum mæli eru nú fluttir inn geymar í rafökutæki, önnur stærð geyma oft lithiumgeymar. Í þessu sambandi þarf að endurskoða álagningu úrvinnslugjalds á ökutæki og rafgeyma. Í samvinnu við Umhverfissráðuneytið er unnið að endurskoðun samninga við olíufélögin um söfnun og endurnýtingu úrgangsolíu.

Nýlega var samþykkt tillaga í stjórn Úrvinnslusjóðs um að fara ítarlega yfir stöðuna, reynsluna af störfum Úrvinnslusjóðs og það sem við blasir. Einnig er tímabært að taka skipulag úrvinnslumála í landinu til umræðu.

Umhverfissráðuneytið vinnur nú að landsáætlun til næstu 12 ára og er ráðgert að hún liggi fyrir næsta vor.

Stjórn Úrvinnslusjóðs þakkar ágætt samstarf við Umhverfissráðuneytið á liðnum árum sem og við aðrar stofnanir ríkisins, samtök sveitarfélaga og hagsmunaaðila atvinnulífsins.

Guðm. G. Þórarinnsson
Formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs

STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS ÁRIÐ 2010

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002. Með þeim var Úrvinnslusjóður stofnaður en jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar.

Úrvinnslusjóður fer með umsjón úrvinnslugjalds. Í lögum um Úrvinnslusjóð er gert ráð fyrir að umhverfissráðherra setji nánari reglur um úrvinnslugjaldið og Úrvinnslusjóð.

2.1 STJÓRN OG STARFSMENN

Umhverfissráðherra skipar fimm manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Hann skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum:

Einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVÞ–Samtökum verslunar og þjónustu og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna. Á árinu var stjórn Úrvinnslusjóðs skipuð Guðmundi G. Þórarinssyni, stjórnarformanni, Bryndísi Skúladóttur fyrir Samtök iðnaðarins, varaformanni, Sigurði Erni Guðleifssyni fyrir SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu, Guðfinni G. Johnsen, fyrir Landsamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva og Ögmundi Einarssyni fyrir Samtök íslenskra sveitarfélaga.

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs eru fimm.

Álagning og breytingar á úrvinnslugjaldi

Nr.	Vöruflokkar	Taxti	1.1.2003	1.1.2004	1.1.2005	1.1.2006	1.3.2007	1.1.2008	1.7.2010	1.1.2011
01	Heyrulluplast (telst til plastumbúða frá 1.1.2008)	BP		25,00				sjá plastumb.		
02	Samsettar drykkjarvöruumbúðir		22,23		10,00	sjá plastumb.				
02	Samsettar drykkjarvöruumbúðir (kr/stk)		0,59-0,73		0,26-0,33	sjá plastumb.				
04	Olíuvörur aðrar en brennsluolía	BL	11,50	14,50			13,00			30,00
04	Svartolía		0,00							
05	Lífræn leysiefni, almennt	BF	3,00						7,00	15,00
05	Lífræn leysiefni, sérstök	BF							120,00	
06	Halógeneruð efнасambönd	BK	105,00		130,00				160,00	220,00
07	Ísósýanöt	BJ	1,30	1,50					2,50	5,00
08	Olíumálning	BE	17,00	20,00				25,00	30,00	35,00
09	Prentlitir	BT	20,00	34,00			25,00			
10	Mangandíoxíðraflöður	BH	91,00		45,50					
10	Lípíumraflöður	BH	171,00		85,50					
10	Raflöður með nikkeldmímum	BH	202,00		101,00					
10	Raflöður með kvikasilfri	BH	559,00		279,50					
10	Alkalískar hnapparaflöður (kr/stk)	BO	5,00		2,50					
11	Rafgeymar með síru	BB	19,00						25,00	35,00
11	Rafgeymar án síru	BC	26,60						35,00	49,00
11	Rafgeymar í tækjum (kr/ökutæki)	BA	104,50-1.672						138-2.207	193-3.090
12	Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði	BD	36,75-294	51,00-408				72,00-576,00		84,00-672,00
13	Kvikasilfursvörur	BN	900,00							
14	Varnarefni, útrýmingar- og fúavarnarefni	BI	3,00							
15	Kælimiðlar	BM	2,50							
16	Hjólbarðar	BR	36,02		30,00	20,00	15,00			40,00
16	Hjólbarðar (kr/ökutæki)	BS	72,04-36.020		60-30.000	40-20.000	30-15.000			80-40.000
17	Veifarferi*					0,00				
18	Pappírs- og pappumbúðir	BV				10,00	7,00		12,00	15,00
20	Plastumbúðir	BX				10,00	3,00		5,00	12,00
51	Ökutæki (kr/ökutæki á ári)		1.040,00		700,00					

*Samkomulag við LÍÚ 29.08.05 um meðhöndlun á úrgangi frá veifarferum úr gerviefnum. Veifarferi þar með undanþegin gjaldtöku skv. lögum 162/2002, 8.gr.


STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS ÁRIÐ 2010

2.2 HLUTVERK OG VERKLAG

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hann beitir hagrænum hvötum til að koma á skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem stafar frá vöruflokkum sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Sjóðurinn leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semur um úrvinnslu hans á grundvelli útboða eða verksamninga.

Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er. Úrgangur, sem verður til við vörunotkun eða þegar vörur hafa þjónað tilgangi sínum, rýrir oft náttúruleg gæði.

Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki.



Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni og stuðlar að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilagjalds.



2.3 FJÖLDI ÞJÓNUSTUAÐILA OG RÁÐSTÖFUNARAÐILA

Fjöldi þjónustuaðila hefur vaxið jafnt og þétt frá upphafi. Árið 2010 höfðu 69 þjónustuaðilar gert samning við Úrvinnslusjóð um söfnun og ráðstöfun í öllum vöruflokkum frá upphafi. 52 þjónustuaðilar áttu viðskipti við sjóðinn árið 2010. Til samanburðar voru þeir 33 árið 2007. Af þessum 52 þjónustuaðilum voru 26 bændur sem komu eigin heyrúlluplasti í endurnýtingu. Þjónustuaðili sækir um að þjóna ákveðnum vöruflokkum og einnig á ákveðnum landsvæðum.

Ráðstöfunaraðilar fyrir alla flokka eru samtals 56 en nokkrir þeirra eru í mörgum flokkum. Á Íslandi eru 37, í Evrópu (utan Íslands) 16 og utan Evrópu 2. Ráðstafað var til 25 aðila árið 2010

	Fjöldi þjónustuaðila	Fjöldi ráðstöfunaraðila
Pappa og pappírumbúðir	9	6
Plastumbúðir (án heyr.pl)	9	8
Heyrúlluplast (plastumbúðir)	45	6
Hjólbarðar	12	5
Spilliefni	2	13

2.4 BREYTINGAR Á ENDURGJALDI

Í kjölfar hruns á endurvinnslumörkuðum síðla árs 2008 var endurgjald fyrir umbúðir úr bylgjupappa, sléttum pappa og pappír hækkað um 10 kr/kg. Síðan hefur ástandið lagast mikið og greiðslur Úrvinnslusjóðs hafa tekið mið af því. 1. apríl 2010 var endurgjaldið lækkað um 3 kr/kg. Þar með er búið að lækka aftur um 9 kr/kg og einingarverðið því einni krónu herra í lok árs 2010 en fyrir hrunið.

Þann 1. júlí 2010 hækkaði endurgjald fyrir förgun/endurvinnslu spilliefna um 7,5%, að olúmálningu undanskilinni.

2.5 MEÐHÖNDLUN RAFTÆKJAÚRGANGS

Með breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs í maí 2008 var Úrvinnslusjóði heimilað að gera samninga um verkefni sem falla undir lög um meðhöndlun úrgangs. Tilgangurinn með breytingunni var að sjóðurinn annaðist verkefni fyrir stýr nefnd raftækjaúrgangs svo sem útreikning á markaðshlutdeild útfra innflutningstölum og vinnslu á gögnum frá skilakerfum um safnað og ráðstafað magn. Á árinu var unnið að þessum verkefnum í nánú samtarfi við stýr nefnd. Í lok ársins var lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs sem gerir ráð fyrir að Úrvinnslusjóður fari með hlutverk stýr nefndar. Þar er jafnframt kveðið á um að hlutverk stjórnar sjóðsins samkvæmt lögum um úrvinnslugjald sé ekki á ábyrgð stýr nefndar og að í stjórn sjóðsins bættist fulltrúi til nefndur af Félagi atvinnurekenda.

STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS ÁRIÐ 2010

2.6 UPPSÖGN Á SAMNINGI UM ÚRGANGSOLÍU

Úrvinnslusjóður sagði í október 2010 upp samningi við Skeljung og Olíudreifingu um söfnun og endurnýtingu úrgangsolíu. Á sama tíma hófust viðræður við ofangreind félög um framhald málsins, endurskoðun samningsins og breytta nálgun. Olíufélögin hafa tækjabúnað, þekkingu og langa reynslu af verkefninu.

Ákvæði um olíuúrgang eru annars vegar í lögum um úrvinnslugjald og hins vegar í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. Í þeim síðari er þeim sem annast dreifingu og sölu á olíu gert skylt að taka við olíuúrgangi.

Um nokkurn tíma hefur verið starfandi hópur á vegum Umhverfissráðuneytisins sem ætlað er að gera tillögur um fram-tíðarskipulag söfnunar og endurnýtingar á smurólíuúrgangi. Sameiginleg niðurstaða ráðuneytisins og Samkeppnisefirlitsins var að ráðuneytið myndi sækja um undanþágu þannig að Úrvinnslusjóður gæti samið við ofangreind félög um verkefnið. Slík undanþága er forsenda fyrir nýjum samingi.

2.7 ÁRANGURSTJÓRNUNARSAMNINGUR

Í lok árs var undirritaður árangurstjórnunarsamningur milli Umhverfissráðuneytisins og Úrvinnslusjóðs. Markmið með samningnum er að festa í sessi samskiptaferli milli ráðuneytisins og sjóðsins og verða grundvöllur áætlanagerðar, stefnumótunar og árangursmats.

2.8 KÖNNUN MEÐAL ÞJÓNUSTUAÐILA

Úrvinnslusjóður gerði könnun um starfsemi þeirra þjónustuaðila, sem eru í viðskiptum við sjóðinn. Könnunin var send út til átján fyrirtækja í desember 2010. Könnuninni var ætlað að mæla áhrif af starfsemi Úrvinnslusjóðs í þessum fyrirtækjum. Svarhlutfall var 100%.

Þjónustuaðilarnir hafa starfað í tvö til tólf ár og veita um 600 ársverk. Þar af eru ársverk, vegna vinnu við úrgang sem Úrvinnslusjóður greiðir fyrir, orðin um 150.

Þegar þjónustuaðilar gera samning við Úrvinnslusjóð skuldbinda þeir sig til að sækja flokkaðan úrgang til sveitarfélaga eftir þörfum en jafnframt þjóna þeir fyrirtækjum. Á undanförnum árum hafa nokkrir þeirra boðið fyrirtækjum og heimilum uppá söfnunarlát sem taka nokkra flokka endurvinnanlegs úrgangs, oft nefnd endurvinnslutunnur. Með tilkomu þessara íláta er komin söfnun inná heimili og vinnustaði fyrir umbúðir og fleira. Samkvæmt upplýsingum í svörum þjónustuaðilanna er fjöldi endurvinnslutunna nálægt 20 þúsund í árslok 2010.

Þjónustuaðilar þjóna einnig sveitabæjum með því að sækja heyrúlluplast heim eða í gáma sem staðsettir eru um sveitirnar. Árið 2010 var plastið sótt heim á rúmlega 1200 bæi.

2.9 LAGABREYTINGAR

Lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 var breytt tvisvar á árinu. Með lögum nr. 69 þann 22. júní 2010 og lögum nr. 158 þann 28. desember 2010.

Umhverfissráðherra lagði fram frumvarp á vörþingi 2010 um gjaldabreytingar á úrvinnslugjaldi í eftirtöldum vöruflokkum: Leysiefnum úr 3 kr/kg í 7 kr/kg, ísósýanötum úr 1,50 kr/kg í 2,50 kr/kg, olíumálningu úr 25 kr/kg í 30 kr/kg, halógeneruðum efnasamböndum úr 130 kr/kg í 160 kr/kg, rafgeymum úr 19 kr/kg í 25 kr/kg, plastumbúðum og heyrúlluplasti úr 3 kr/kg í 5 kr/kg, pappa- og pappírsumbúðum úr 7 kr/kg í 12 kr/kg. Að auki var gerð tillaga um álagningu úrvinnslugjalds á ný tollnúmer með leysiefnum 120 kr/kg. Lögin tóku gildi 1. júlí 2010.

Umhverfissráðherra lagði fram frumvarp á haustþingi 2010 um gjaldabreytingar á úrvinnslugjaldi í eftirtöldum vöruflokkum: hjólbörðum 15 kr/kg í 40 kr/kg, framköllunarefnum 72 kr/kg í 84 kr/kg (lægsta gjald) og úr 576 kr/kg í 672 kr/kg (hæsta gjald), leysiefnum úr 7 kr/kg í 15 kr/kg, ísósýanötum úr 2,50 kr/kg í 5 kr/kg, olíumálningu úr 30 kr/kg í 35 kr/kg, halógeneruðum efnasamböndum úr 160 kr/kg í 220 kr/kg, rafgeymum úr 25 kr/kg í 35 kr/kg, plastumbúðum og heyrúlluplasti úr 5 kr/kg í 12 kr/kg, pappa- og pappírsumbúðum úr 12 kr/kg í 15 kr/kg. Lögin tóku gildi 1. janúar 2011.



2.10 VEIÐARFÆRASAMNINGUR

Þann 29. ágúst 2005 var gert samkomulag við Landsamband íslenskra útvegsmanna um meðhöndlun á úrgangi frá veiðarfærum úr gerviefnum á grundvelli laga um úrvinnslugjald nr. 162/2002.

Samkvæmt samningi LÍÚ við PM Endurvinnslu er móttökustöð fyrir veiðarfæraúrgang úr gerviefnum á starfssvæði PM Endurvinnslu í Gufunesi og berst þangað veiðarfæraúrgangur frá öllu landinu. PM Endurvinnsla er nú að komast í gang með endurvinnslu á troll efni, (PE), eftir að hafa yfirfarið og flutt búnað til vinnslunnar frá Læk í Ölfusi. Reiknað er með að full afköst verði komin á framleiðslu á endurunnu PE efni úr veiðarfærum um mitt ár 2011. Við það verður framleiðslugeta PM Endurvinnslu fullnýtt og verður því að senda út bæði netariðil og nætur úr PA erlendis til endurvinnslu. Stefnt er að því á árinu 2012 verði unnið úr PA efni hér á Íslandi.

Innsafnað magn af veiðarfærum úr gerviefnum á vegum LÍÚ var um 480 tonn (PE plast) og um 110 tonn (PA plast). Til viðbótar því magni sem að ofan greinir hefur Úrvinnslusjóður fengið staðfest að a.m.k. 116 tonn af veiðarfærum úr gerviefnum hafi verið móttækin hjá öðrum endurvinnsluaðilum á árinu 2010. Samtals gerir þetta um 706 tonn af veiðarfærum úr gerviefnum sem eru endurunnin hér á landi eða erlendis. Ágætlega hefur gengið að fá veiðarfæraúrgang til endurvinnslu, en markmið samnings milli LÍÚ og Úrvinnslusjóðs kveður á um 45% endurnýtingu á veiðarfæraúrgangi á árinu 2010 en í samningunum er gert ráð fyrir að um 1.100 tonn af veiðarfæraúrgangi falli til á Íslandi á ári hverju.

2.11 ERLEND SAMSKIPTI

Úrvinnslusjóður gerðist aðili að EPRO eða European Association of Plastic Recycling and Recovery árið 2004. Í samtökunum eru aðilar frá 15 Evrópuríkjum og nær starfssvið sumra þessara aðila aðeins til plastumbúða en annarra er víðara. Enginn þessara aðila nær þó til jafn margra vöruflokka eins og Úrvinnslusjóður. Markmið þessara samtaka er að skipuleggja og kynna endurvinnslu og endurnýtingu á plasti í Evrópu auk þess að vera vettvangur til skoðanaskipta og fræðslu um þessi málefni.

Árið 2006 gerðist Úrvinnslusjóður aðili að Pro Europe sem eru regnhlífarsamtök um það bil 30 aðila í hinum ýmsu Evrópulöndum sem hafa umsjón með söfnun og endurnýtingu umbúða. Flest þessara fyrirtækja nota "Græna punktinn" sem auðkenni á umbúðir sem eru hluti af söfnunarkerfum fyrirtækjanna. Fyrir utan að hafa umsjón með notkun "Græna punktsins" sinna samtökin hlutverki sem málsvári hagsmuna sem tengjast aðildarfyrirtækjunum. Þá eru þau vettvangur fyrir umræðu um söfnun og endurnýtingu umbúða. Á vegum samtakanna eru vinnuhópar þar sem sérstaklega er fjallað um tækni, markaðs- og kynningarmál í tengslum við endurvinnslu.



ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2010

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2010

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings

Úrvinnslusjóður er stofnun sem heyrir undir umhverfissráðherra. Meginhlutverk sjóðsins er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Lögum þessum er ætlað að tryggja hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans en framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn. Í framkvæmd eru gjöld staðfest af sjóðnum en tekjur eru færðar án aðkomu hans. Í lögunum segir enn fremur að tekjur sjóðsins skuli vera af úrvinnslugjaldi og beri þeim að standa undir tilgreindum kostnaði við úrvinnslu úrgangs. Upphæð gjaldsins skal og taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs.

Á árinu 2010 varð 172,7 m.kr. tekjuhalli af rekstri sjóðsins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins 461,5 m.kr., skuldir 147,5 m.kr., eigið fé nam 314,0 m.kr. í árslok 2010 og þar af var bundið eigið fé 18,0 m.kr. Stjórn sjóðsins gerði tillögu um hækkun á úrvinnslugjöldum miðað við langtímamarkmið um að eigið fé í hverjum vöruflokki tæki mið af ársveltu hans. Eigið fé er ætlað að standa á móti framtíðarskuldbindingum, sem eru til komnar vegna þess að kostnaður af endurvinnslu fellur oft ekki á sjóðinn fyrr en nokkrum árum eftir álagningu úrvinnslugjalds.


Árið 2009 samþykkti stjórn Úrvinnslusjóðs stefnumótun varðandi jöfnunarreikning sem ætlaður er til að ná jöfnuði í rekstri tiltekinna vöruflokka. Stjórnin telur það vera hlutverk sitt að bregðast við halla einstakra vöruflokka þegar sérstakar og jafnframt óviðráðanlegar orsakir liggja að baki breytingum á tekjum vöruflokka. Færður er á jöfnunarreikning hluti af vaxtatekjum sjóðsins af vörslureikningi. Gagnvart hinum ýmsu vöruflokkum miðast vextir við að verða aldrei lægri en sem nemur vöxtum á veltureikningum fyrirtækja hjá viðskiptabönkum. Tæknibreytingar og áherslur í umhverfismálum og mengunarvörnum hafa valdið þáttaskilum í nokkrum vöruflokkum þannig að umsvif vöruflokka hafa minnkað og fara minnkandi. Það leiðir aftur til þess að erfitt getur orðið að ná jöfnuði á rekstarreikningi vöruflokksins.

Ákveðið var að 11,7 m.kr. eru færðar á jöfnunarreikning sem verða notaðar til að greiða niður neikvætt eigið fé í vöruflokki framköllunarefna. Stjórnin áréttar að um tímabundna ráðstöfun er að ræða sem ekki lítur út fyrir að þurfi að endurtaka á næstu árum.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. maí 2011.

Í stjórn


Guðmundur G. Þórarinsson



Bryndís Skúladóttir


Guðfinnur G. Johnsen


Ólafur Reynir Guðmundsson


Ögmundur Einarsson

Framkvæmdastjóri


Ólafur Kjartansson

Áritun endurskoðenda

TIL STJÓRNAR ÚRVINNSLUSJÓÐS

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

ÁBYRGÐ STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐENDA

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

ÁLIT

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Úrvinnslusjóðs á árinu 2010, efnahag 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Reykjavík, 3. maí 2011.

Sveinn Arason
ríkisendurskoðandi.

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2010

Rekstrarreikningur fyrir árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Tekjur			
Úrvinnslugjöld vegna innfluttra vara	1	340.103.814	267.500.636
Úrvinnslugjöld vegna ökutækja	2	155.510.925	159.081.531
Úrvinnslugjöld vegna innlendrar framleiðslu	3	34.012.895	36.994.810
		<u>529.627.634</u>	<u>463.576.977</u>
Gjöld			
Skilagjald		47.773.634	80.868.850
Móttökustöðvargjöld		480.761.570	596.444.194
Söfnunarstöðvargjöld		2.353.376	4.371.682
Flutningsgjöld		109.260.257	103.831.772
Önnur meðhöndlunargjöld		18.187.932	26.378.521
Rekstrarkostnaður, sértækur	4	8.786.243	5.629.729
		<u>667.123.012</u>	<u>817.524.748</u>
Rekstrarkostnaður, sameiginlegur	5	60.457.821	59.447.234
		<u>727.580.833</u>	<u>876.971.982</u>
Tekjuhalli fyrir hreinar fjármunatekjur		(197.953.199)	(413.395.005)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	6	<u>25.252.877</u>	<u>76.193.672</u>
Tekjuhalli ársins		<u>(172.700.322)</u>	<u>(337.201.333)</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2010

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	7	358.174.130	582.947.282
Viðskiptakröfur		101.802.031	100.929.852
Handbært fé		1.477.723	1.420.312
		<u>461.453.884</u>	<u>685.297.446</u>
Eignir alls		<u>461.453.884</u>	<u>685.297.446</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé:			
Höfuðstóll:			
Höfuðstóll í ársbyrjun		486.687.428	823.888.761
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins		(172.700.322)	(337.201.333)
Flutt á annað eigið fé		(18.000.000)	0
Höfuðstóll	8	<u>295.987.106</u>	<u>486.687.428</u>
Annað eigið fé:			
Bundið eigið fé		18.000.000	0
Annað eigið fé	8	<u>18.000.000</u>	<u>0</u>
Eigið fé		<u>313.987.106</u>	<u>486.687.428</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		147.466.778	198.610.018
Skuldir		<u>147.466.778</u>	<u>198.610.018</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>461.453.884</u>	<u>685.297.446</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2010

Sjóðstreymi árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri			
Tekjuhalli ársins		(172.700.322)	(337.201.333)
Veltufé frá rekstri		(172.700.322)	(337.201.333)
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Ríkissjóður, inneign lækkun/(hækkun)		224.773.152	352.963.424
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)		(872.179)	(18.969.548)
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun		(51.143.240)	3.329.111
		<u>172.757.733</u>	<u>337.322.987</u>
 Handbært fé frá rekstri		57.411	121.654
 Handbært fé í ársbyrjun		<u>1.420.312</u>	<u>1.298.658</u>
 Handbært fé í lok ársins		<u>1.477.723</u>	<u>1.420.312</u>

Reikningsskilaaðferðir

GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILA

Ársreikningur Úrvinnslusjóðs er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

TEKJUSKATTAR

Úrvinnslusjóður er undanþeginn álagningu tekjuskatta.

SKRÁNING TEKNA

Tekjur Úrvinnslusjóðs eru úrvinnslugjald sem lagt er á gjaldendur af álagningaraðilum. Innheimta er í höndum sýslumanna og/eða tollstjóra. Úrvinnslugjaldið er fært í fjárhagsbókhald hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt skilagreinum úr tekjubókhaldskerfi ríkisins án staðfestingar Úrvinnslusjóðs.

SKRÁNING GJALDA

Þegar reikningar berast Úrvinnslusjóði eru þeir áritaðir og samþykktir. Síðan eru þeir sendir með beiðni um greiðslu og bókun til Fjársýslu ríkisins. Skilagjald ökutækja er gjaldfært samkvæmt skilagreinum án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok. Fjársýslan sér um alla meðferð virðisaukaskatts fyrir Úrvinnslusjóð.

SKAMMTÍMAKRÖFUR

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

HANDBÆRT FÉ

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

LÍFEYRISSKULDBINDING

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna sjóðsins er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

VIÐSKIPTASKULDIR

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2010

BÓKHULD OG FJÁRVARSLA

Úrvinnslusjóður er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Í því felst að Fjársýslan annast færslu bókhalds samkvæmt samþykktum reikningum frá sjóðnum annars vegar og hins vegar samkvæmt skilagreinum úr tekjubókhaldskerfi ríkisins án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Sjóðurinn er einnig í launagreiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

FJÁRHEIMILDIR OG REKSTUR

Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir að rekstur sjóðsins sé fjármagnaður með innheimtu úrvinnslugjalds. Fjárveitingar á fjárlögum 2010 fyrir markaðar tekjur Úrvinnslusjóðs (áætlaðar tekjur af úrvinnslugjaldi) námu 592 m.kr. og voru lækkaðar með fjáráukalögum um 75 m.kr. Heildarfjárveiting nam því 517 m.kr. en tekjur urðu hærri eða 529,6 m.kr.

Rekstur vöruflokka nam 667,1 m.kr. sem er 184,1 m.kr. hærri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir. Sértekjur sjóðsins, sem eru fjármagnsliðir nettó eða vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti og vaxtagjöldum voru 25,3 m.kr. Rekstrargjöld sjóðsins námu 59,9 m.kr. en það var 3,1 m.kr. lægra en gert var ráð fyrir í fjárheimildum og eignakaup voru 0,6 m.kr., sem er innan fjárheimilda.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum og ríkistekjum námu samtals 172,7 m.kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald	(592.000)	(517.000)	(529.628)	12.628
Sértekjur, fjármagnsliðir nettó	(40.000)	(30.000)	(25.253)	(4.747)
Rekstur vöruflokka	568.000	483.000	667.123	(184.123)
Annar kostnaður	63.000	63.000	59.866	3.134
Eignakaup	1.000	1.000	592	408
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>172.700</u>	<u>(172.700)</u>

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Rekstrarreikningur, sundurliðun í þús.kr.:

	2010	2009
Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald	(529.628)	(463.577)
Sértekjur, fjármagnsliðir nettó	(25.253)	(76.194)
Rekstur vöruflokka	667.123	817.525
Annar kostnaður	60.458	59.447
	<u>172.700</u>	<u>337.201</u>

SUNDURLIÐANIR

1. ÚRVINNSLUGJALD VEGNA INNFLUTTRA VARA

Álagt úrvinnslugjald á innfluttar vörur á árinu 2010 nam 340,1 m.kr. Hækkun frá fyrra ári var 72,6 m.kr. eða 27,1% og stafar hækkun af meiri innflutningi og hækkun úrvinnslugjalds á ákveðnum vöruflokkum 1. júlí 2010. Álagning á innfluttar vörur er í höndum tollstjóra.

2. ÚRVINNSLUGJALD VEGNA ÖKUTÆKJA

Úrvinnslugjald vegna ökutækja var 155,5 m.kr. og lækkaði um 3,6 m.kr. frá árinu 2009 eða 2,2%. Úrvinnslugjald vegna ökutækja er gjald sem lagt er á ökutæki og er það innheimt með bifreiðagjöldum. Ríkisskattstjóri annast álagningu á ökutæki.

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2010

3. ÚRVINNSLUGJALD VEGNA INNLENDRAR FRAMLEIÐSLU

Álagning vegna innlendrar framleiðslu nam 34,0 m.kr. á árinu, en 37,0 m.kr. á síðasta ári, sem er lækkun um 3,0 m.kr. eða 8,1%. Úrvinnslugjald innlendrar framleiðslu er vegna málningar, leysiefna, pappa- og pappírsumbúða, plastumbúða og hjólbarða. Álagning á innlenda framleiðslu er í höndum skattstjóra.

4. REKSTRARKOSTNAÐUR, SÉRTÆKUR

Úrvinnslusjóði ber að gera úrvinnslugjald upp eftir vöruflokkum. Sértækur rekstrarkostnaður er kostnaður sem tilheyrir ákveðnum vöruflokki og er því færður beint til gjalda á viðkomandi vöruflokk. Gerð er grein fyrir þeirri skiptingu eftir vöruflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum. Sértækur rekstrarkostnaður hækkaði um 3,2 m.kr. frá fyrra ári, sem aðallega skýrist af því að umsýslugjald er nú fært beint á vöruflokkana, en var áður fært á sameiginlegan rekstrarkostnað og skipt hlutfallslega á vöruflokka. Einnig var afskrifað úrvinnslugjald hærra á árinu, en árið áður.

	2010	2009
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	78.505	142.807
Kynningarstarfsemi	115.208	332.143
Funda- og ferðakostnaður	2.374.011	2.897.034
Aðkeypt sérfræðipjónusta	694.506	665.969
Umsýslugjald	2.672.077	0
Afskrifað úrvinnslugjald	2.851.936	1.591.776
	<u>8.786.243</u>	<u>5.629.729</u>

5. REKSTRARKOSTNAÐUR, SAMEIGINLEGUR

Sameiginlegur rekstrarkostnaður er kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra beint á ákveðinn vöruflokk og er skipt á vöruflokka í réttu hlutfalli við álagt úrvinnslugjald þegar kemur að uppgjöri eftir vöruflokkum. Gerð er grein fyrir uppgjöri ársins 2010 eftir vöruflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum. Sameiginlegur rekstrarkostnaði er skipt upp í laun og annan rekstrarkostnað.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld voru 44,6 m.kr. og hækkuðu um 1,4 m.kr. eða 3,3% frá fyrra ári og skýrist hækkun að mestu af hækkun launatengdra gjalda. Í árslok 2010 voru fimm starfsmenn hjá Úrvinnslusjóði, sem var óbreytt frá árinu áður. Ársverk voru 4,8 árið 2010. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

	2010	2009
Launagjöld	31.500.016	31.108.110
Stjórnarlaun	4.804.920	4.804.920
Launatengd gjöld	8.303.976	7.257.209
	<u>44.608.912</u>	<u>43.170.239</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2010

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður Úrvinnslusjóðs lækkaði milli ára um 0,4 m.kr. eða 2,6%, en sú breyting var gerð á bókun að umsýslugjald er nú fært beint á vöruflokkana. Á móti kemur kynningarkostnaður til hækkunar auk hækkunar húsnæðiskostnaðar.

	2010	2009
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.010.304	2.087.006
Kynningarstarfsemi	743.204	0
Funda- og ferðakostnaður	2.320.214	2.551.499
Aðkeypt sérfræðipjónusta	1.583.621	1.341.961
Umsýslugjald	0	2.268.490
Húsnæðiskostnaður	6.480.612	6.076.622
Annar rekstrarkostnaður	2.118.756	1.780.060
Eignakaup	592.198	171.357
	<u>15.848.909</u>	<u>16.276.995</u>
Sameiginlegur rekstrarkostnaður samtals	<u>60.457.821</u>	<u>59.447.234</u>

6. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti og vaxtagjöldum námu 25,3 m.kr. og lækkuðu um 50,9 m.kr. frá fyrra ári eða 66,9%. Lækkunin stafar af lækkun inneignar hjá ríkissjóði, lækkun vaxtaþrósentu og hækkun fjármagnstekjuskatts. Vaxtatekjum er skipt hlutfallslega á vöruflokka eins og fram kemur í fylgiskjali eftir að jöfnunarfærsla hefur verið dregin frá. Sértækar vaxtatekjur eru álögur og dráttarvextir vegna úrvinnslugjalds sem berst eftir eindaga og færast á viðeigandi vöruflokk frá og með árinu 2010. Vaxtagjöldum er síðan skipt á vöruflokka í hlutfalli við álagt úrvinnslugjald í fylgiskjali með ársreikningnum.

	2010	2009
Vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði	28.366.892	82.964.848
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum frá ríkissjóði	(5.106.040)	(9.771.855)
Vaxtatekjur af inneign í banka	70.013	137.658
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum frá banka	(12.602)	(16.004)
	<u>23.318.263</u>	<u>73.314.647</u>
Sértækar vaxtatekjur, álag	1.984.385	2.898.150
Vaxtagjöld	(49.771)	(19.125)
	<u>1.934.614</u>	<u>2.879.025</u>
	<u>25.252.877</u>	<u>76.193.672</u>

